

## Fundagerð 121. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 15. mars 2018 kl. 12:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Guðmundur Helgi Þórarinsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Jón Jóhannsson, Símon Guðvarður Jónsson, Guðmundur Sigurvinsson, Þorsteinn Hjálmarsson og Guðni Þór Elísson

Fjarverandi: Andrés Bjarnason

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 120
2. Yfirferð yfir verkefni og stöðu kjaramála VM
3. Uppsögn kjarasamninga í febrúar 2018
4. Fjárhagsáætlun Orlofssjóðs VM 2018
5. Hækkun á úteigu orðlofshúsa og á tjaldsvæði
6. Eignarhald á orlofshúsi í Flókalundi
7. Starfsmannaleigur og keðjuábyrgð
8. Lagt fram til kynningar  
Viðbragðsáætlun – Jafnlaunastefna - Launastefna
9. Lagt fram til upplýsingar  
Önnur mál

### 1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 120

Fundagerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

### 2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

- Verið er að leggja lokahönd á ársskýrslu og ársreikninga félagsins. Stefnt er að því að vera með stjórnarfund miðvikudaginn 18. apríl til að skrifa undir reikningana.
- Halldór er núna á fundi hjá sáttasemjara varðandi hvalaskoðunar- og útsýnisbáta og fiskeldis. Við funduðum með SA. á mánudaginn en þetta er ekki að ganga nógu vel.
- Erum farnir að undirbúa okkur í að kalla eftir einstaklingum í samninganefnd á almenna markaðnum og orkugeiranum. Sendur verður út tölvupóstur.
- Kalla þarf saman vinnuhóp úr orkugeiranum og kælibransanum vegna skilgreininga á hugtökunum bakvaktir og fjarvinna. Þarf að vera klárt fyrir haustið
- Formanns og stjórnarkjör hefst í næstu viku.

### 3. Formannafundur ASÍ 28. febrúar 2018

Formaður tók saman gögn frá fundinum handa stjórnarmönnum svo þeir væru með öll gögn um fundinn. Hann sagði að það væri svo ekki mikið um þetta að segja. Það sem sett var inn um ábyrgðasjóð launa og atvinnuleysisbætur er þess eðlis að stjórnvöld ættu ekki að geta svikið það. Varðandi persónuafsláttinn þá eru allir búnir að átta sig á því að viðmiðið í honum sé vitlaust og þurfi að laga en þetta kostar allt mikla peninga. Eitt mál sem náðist ekki í geng, en þeir fulltrúar ASÍ sem voru á þessum fundum með stjórnvöldum lögðu mikla áherslu á, var að slá á þessar skerðingar hjá Tryggingarstofnun sem fólk sem er að taka út úr lífeyrissjóðum er að fá á sig. En þetta er það sem stjórnvöld ákváðu og við sitjum uppi með það.

### 4. Dagskrá Aðalfundar VM

Formaður lagði fram dagskrá fundarins og sagði að hún væri sett upp samkvæmt lögum félagsins. Dagskráin var samþykkt.

### 5. Tillaga um stjórn Sjúkrasjóðs VM

Formaður lagði fram tillögu um stjórn sjúkrasjóðs. Allir í stjórninni eru tilbúnir til að halda áfram. Á Aðalfundinum getur svo hver sem er boðið sig fram. Spurt var hvort það hefðu aldrei verið varamenn í stjórn sjóðsins. Það hefur aldrei verið en vert að hafa í huga í framtíðinni. Samþykkt að leggja tillöguna um stjórn fyrir aðalfund.

### 6. Tillaga um stjórn AKKS – Styrktar- og menningarsjóðs VM

Formaður lagði fram tillögu um stjórn Akks. Allir í stjórn tilbúnir til að vera áfram. Bæta þarf við einum varamanni vegna fráfalls stjórnarmanns. Formaður lagði til að Sævar Örn Kristjánsson kæmi inn sem varamaður og það var samþykkt. Tillagan verður lögð fyrir aðalfund.

### 7. Tillaga um endurskoðanda VM

Formaður lagði fram tillögu um að Ernst og Young yrðu áfram endurskoðendur VM. Tillagan var samþykkt og verður lögð fyrir aðalfund.

### 8. Tillaga um stjórnarlaun fyrir aðalfund VM

Formaður lagði fram tillögu um stjórnarlaun, ákveðið var síðast að láta stjórnarlaun fylgja hækkunum samkvæmt samningi VM við SA og hækka því stjórnarlaun 1. maí um 3%.

### 9. Tillaga um kjörstjórn

Formaður lagði fram tillögu um kjörstjórn VM. Tillagan var samþykkt og verður lögð fyrir aðalfund.

### 10. Stjórnkerfi Lífeyrissjóðanna

Formaður lagði fram bréf frá ASÍ til landssambanda og félaga með beina aðild. Bréfið snýst um reglur um stjórnkerfi lífeyrissjóðanna og hvernig stjórnkerfiskaflinn mun koma inn í kjarasamning

ASÍ við SA. Drög að kaflanum hafa verið lögð fram og það kom ein athugasemd, frá Matvís. Formaður leggur til að VM standi fast á því að stjórnarmenn í sjóðunum þurfi að vera greiðandi í sjóðinn. Stjórnin samþykkti tillögu formanns.

### **11. Viðbragðsáætlun VM**

Á síðasta fundi var lögð fram til kynningar stefnu og viðbragðsáætlun VM vegna eineltis, kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni og ofbeldis. Áætlunin er nú lögð fram til samþykktar. Engar athugasemdir komu, áætlunin var samþykkt.

### **12. Lagt fram til upplýsinga**

- Erindi persónuverndarhóps, Benóný situr í honum fyrir hönd VM.
- Kostnaði velt yfir á sjúklinga, frétt af vef ASÍ
- Minnisblað um kennitölufلاك, frá ASÍ

### **13. Önnur mál**

Formaður var spurður út í snjóblásaramálið. Formaður sagðist hafa talað við Sjómannadagsráð og hann hefði sagt að þessi blokk sé ekki á vegum ráðsins en íbúar geta keypt sér þjónustu hjá Hrafnistu. Hann sagði líka að það væri í raun húsfélagið í viðkomandi blokk sem ætti að kaupa snjóblásara.

Spurt var hvort stjórnarmenn gætu fengið afhentan launamiða formanns. Hann segist vera mikið spurður um laun formanns og að sér þætti betra að geta gefið réttar upplýsingar sem stjórnarmaður. Formaður óskaði eftir að fá að ræða þetta við launanevnd félagsins.

Sagt var frá því að Efling hefði farið þá leið að styrkja formannsframboðin hjá sér um 700 þús. kr. og spurt hvort VM myndi styrkja formannsframbjóðendur. Stjórnarmenn voru ekki á því að styrkja framboðin.

Fundi slitið kl. 14:55